

Alþingi
Erindi nr. P 141/658
komudagur 21.11.2012



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. guðrunm@myv.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mývatnssveit, 21. nóvember 2012.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 14. nóvember s.l. var eftirfarandi fært til bókar:

„Erindi frá nefndasviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar) 120. mál.

Með tölvupósti dags. 8. nóvember er óskað umsagnar sveitarstjórnar um frumvarpi til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar) 120. mál. Markmið laganna er að tryggja tilvist miðstöðvar innanlandsflugs í næsta nágrenni við helstu heilbrigðis-, mennta- og stjórnsýslustofnanir landsins. Að miðstöð innanlandsflugs skuli starfrækt í Reykjavík og að flugvöllur í Reykjavík skuli gegna hlutverki varaflugvallar fyrir innanlandsflug og millilandaflug.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmiðið sé að treysta í sessi flugvöll í Reykjavík í ljósi verulegar þýðingar hans fyrir samgönguöryggi og stöðu og framgang innanlandsflugs. Brýnt sé að marka stefnu um framtíð flugvallar í Reykjavík og eyða þar með óvissu sem ríkt hefur um málið. Flugvöllur í Reykjavík þjónar auk þess mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug, hann er vel staðsettur með tilliti til veðurfars og annarra þátta sem snerta flug að og frá flugvöllinum, og nýting hans er góð. Þá er bent á í greinargerðinni að verði innanlandsflug flutt til Keflavíkurflugvallar eins og rætt hefur verið um er enginn varaflugvöllur á þéttbýlasta svæði landsins. Reiknað er með að við þær aðstæður yrði að gera varaflugvöll á Suðurlandi vegna öryggis í flugsamgöngum milli landa og innan lands.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar framkomnu frumvarpi og því að loks skuli eytt óvissu um framtíð innanlandsflugs til og frá Reykjavík, höfuðborg allra landsmanna.“

Þetta tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur,


Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.